



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 11. febrúar 2013

Efni: Ályktun sem stjórn Læknafélags Íslands samþykkti í desember 2012 vegna framkominnar tillögu til þingsályktunar um heildrænar meðferðir græðara (þingskjal 566 — 452. mál)

Ályktun stjórnar Læknafélags Íslands hljóðar svo:

Fyrir skömmu lögðu fjórir Alþingismenn fram þingsályktunartillögu um „að fela velferðarráðherra að skipa starfshóp sem kanni hvort niðurgreiða skuli heildrænar meðferðir græðara til jafns við aðra heilbrigðisþjónustu og/eða undanþiggja þær greiðslu virðisaukaskatts“ eins og það er orðað í tillögunni.

Með samþykkt tillögunnar væri Alþingi að leggja að jöfnu hefðbundna, viðurkennda og gagnreynda heilbrigðisþjónustu annars vegar og þjónustu með ósannaða gagnsemi hins vegar. Slíkt er ekki ásættanlegt.

Undanfarin ár hefur heilbrigðiskerfið þurft að búa við viðvarandi niðurskurð fjárveitinga og skerta þjónustu við sjúklinga. Allt of litlu fjármagni hefur verið varið til reksturs heilbrigðiskerfisins og íslenskir sjúklingar þurfa að reiða fram umtalsverðar upphæðir fyrir lækniþjónustu, lyf og rannsóknir auk þess sem þjónusta sálfræðinga og tannlækna er að stærstum hluta án greiðsluþátttöku ríkisins.

Stjórn Læknafélags Íslands telur ástæðulaust og rangt við óbreyttar aðstæður að stefna að breytingum í þá veru sem þingsályktunartillaga fjórmeninganna felur í sér. Læknafélagið leggst því gegn samþykkt þessarar tillögu.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson
formaður.